

Viðræðunefnd um mögulega sameiningu sveitarfélaga

4. fundar í viðræðunefnd um mögulega sameiningu Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps haldinn í Svalbarðsskóla í Svalbarðshreppi mánudaginn 23. ágúst 2021 kl. 16.

Mætt voru: Frá Langanesbyggð Miriam Blekkenhorst formaður, Þorsteinn Ægir Egilsson oddviti, Siggeir Stefánsson sveitarstjórnarmaður.

Frá Svalbarðshreppi: Sigurður Þór Guðmundsson varaformaður, Ragnar Skúlason hreppsnefndarmaður og Einar Guðmundur Þorláksson.

Róbert Ragnarsson og Freyja Sigurgeirsdóttir frá RR ráðgjöf.

Jónas Egilsson sveitarstjóri Langanesbyggðar ritaði fundargerð.

Fundargerð

1. Samantekt um kosti og galla sameiningar sveitarfélaganna

Róbert Ragnarsson og Freyja Sigurgeirsdóttir fóru yfir skýrslu um kosti og galla sameiningar Svalbarðshrepps og Langanesbyggðar.

2. Tillaga um jarðir í eigu sveitarfélaganna

Formaður lagði fram svohljóðandi tillögu: Viðræðunefnd um mögulega sameiningu Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps samþykkir að fela RR ráðgjöf að koma með tillögu fyrir næsta fund nefndarinnar um möguleg eignar- og rekstrarform félags eða samþykktu um jarðeignir í eigu hins sameinaða sveitarfélags. Enn fremur er samþykkt að söluferli jarða í eigu sveitarfélagsins verði skilgreint. Markmið með stofnun félags eða sjóðs um jarðir í eigu hins sameinaða sveitarfélags er að skapa tækifæri til uppbyggingar byggðar og atvinnutækifæra innan sveitarfélagsins.

Samþykkt samhljóða.

3. Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn síðar.

Fundi slitið kl. 18:25.